

AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Akraneskaupstaðar
vegna breyttra marka iðnaðarsvæðis í Flóahverfi.**

Skipulagsstofnun staðfesti 10. desember 2021 óverulega breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 sem samþykkt var í bæjarstjórn 9. nóvember 2021.

Í breytingunni felst að mörkum og gróðurbeltum umhverfis iðnaðarsvæði I-5 er breytt. Stofnstíg er breytt og dælustöð fráveitu (I-14) er merkt á uppdrátt við suðvesturhorn Flóahverfis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 10. desember 2021.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 23. desember 2021